

Nr. 19-169 S 104 Von GK 113***Olíulaus og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2733
Smíðaður: Trefjar, 2007, trefjaplast.
Útgerð: Útgerðarfélag Sandgerðis ehf.
Stærð: 14,96 bt.
Mesta lengd: 13,02 m Skráð lengd: 11,36 m
Breidd: 3,74 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Yanmar, 368 kw, 2007.
Fjöldi skipverja: 2



Von © Páll Traustason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. desember 2019 var Von GK 113 á siglingu til Suðureyrar. Veður: NA 4 m/s.

Á siglingu út af Breiðuvík norðan við Bjargtanga varð báturinn olíulaus og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Vörður II fór út og dró bátinn til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun kom í ljós að tveir af fjórum olíutönkum sýndu ekki rétt olíumagn því mælarnir fyrir þá voru ekki tengdir og sýndu því tankana fulla;
- að báturinn var nýlega kominn úr slipp þar sem mælarnir höfðu verið aftengdir til að opna tankana en það fórst fyrir að tengja þá aftur;
- að ekki var tekin olía áður en ferðin hófst;
- að skipverjar voru ekki lögskráðir á bátinn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Nefndin ítrekar fyrri ábendingar um tilgang og gildi lögskráningar.
Óskráður skipverji er ótryggður.